

Enska 6.bekkur

Megintilgangur tungumálanáms er að nemendur öðlist alhliða hæfni til að nota tungumálið sem lifandi verkfæri í fjölbreyttum tilgangi og við ólíkar aðstæður. Námið á að leiða til þess að nemendur öðlist hæfni til að tileinka sér inntak í töluðu og rituðu máli af ólíkum toga og hæfni til að meta og hagnýta sér þá þekkingu sem aflað er. Þeir eiga að fá tækifæri til að tengja inntak námsins eigin reynslu, aðstæðum og áhugamálum.

Í tungumálanáminu eiga nemendur að tileinka sér vinnubrögð og aðferðir sem auðvelt er að yfirfæra á nám í öðrum tungumálum og verða þeim veganesti út í lífið. Nemendur eiga að fá þjálfun í að vinna saman að úrlausn verkefna og temja sér gagnrýna notkun margs konar hjálparmiðla. Námið þarf að miða að því að nemendur læri að bera ábyrgð á eigin námi, þeir setji sér markmið, ígrundi og meti eigin námsframvindu og greini þar með veikar og sterkar hlíðar sínar. Þannig má örva trú nemenda á eigin getu og efla þroska þeirra og sjálfsmynnd.

Enska

Enska er lykiltunga á sviði æðri menntunar og vísinda og mikilvægt að hafa gott vald á henni þegar í háskólanám er komið þar sem lesefni í íslenskum háskólum er að stærstum hluta á ensku. Enska gegnir lykilhlutverki í alþjóðasamskiptum og viðskiptum. Sívaxandi samstarf og samvinna Íslendinga við aðrar þjóðir kallar á staðgóða enskukunnáttu sem getur skipt sköpum í viðskiptum og þegar þarf að koma íslenskum þekkingariðnaði, sjónarmiðum eða hagsmunum á framfæri á alþjóðamarkaði.

Hæfniviðmið

Hlustun

Við lok 1. stigs getur nemandi:

- skilið einfalt mál er varðar hann sjálfan og hans nánasta umhverfi þegar talað er skýrt,

Við lok 2. stigs getur nemandi:

- skilið talað mál um efni er varðar hann sjálfan, áhugamál hans og daglegt líf þegar talað er skýrt og áheyrilega,

Við lok 3. stigs getur nemandi:

- fyrirhafnarlítíð tileinkað sér talað mál um margvísleg málefni í kunnuglegum aðstæðum þegar framsetning er áheyrileg,

Lesskilningur

Við lok 1. stigs getur nemandi:

- lesið og skilið stutta texta með grunnorðaforða daglegs lífs um efni sem tengist þekktum aðstæðum og áhugamálum,

Við lok 2. stigs getur nemandi:

- lesið sér til gagns og ánægju auðlesna texta af ýmsum gerðum um daglegt líf og áhugamál sem innihalda algengan orðaforða og beitt mismunandi lestraraðferðum eftir eðli textans og tilgangi með lestrinum,

Við lok 3. stigs getur nemandi:

- lesið sér til gagns og ánægju almenna texta af ýmsum toga með nokkuð fjölpættum orðaforða og valið lestraraðferð eftir eðli textans og tilgangi með lestrinum,

Samskipti

Við lok 1. stigs getur nemandi:

- haldið uppi einföldum samræðum með stuðningi frá viðmælanda með eðlilegum framburði og áherslum á lykilorðaforða og kann að beita algengustu kurteisisvenjum,

Við lok 2. stigs getur nemandi:

- sýnt fram á að hann er nokkuð vel samræðuhæfur um efni sem hann þekkir vel, beitir máli, framburði, áherslum og hrynjandi af nokkru öryggi, skilur og notar algengustu orðasambönd daglegs máls og viðeigandi kurteisivenjur og kann aðferðir til að gera sig skiljanlegan, t.d. með látbragði,

Við lok 3. stigs getur nemandi:

- sýnt fram á að hann er vel samræðuhæfur um kunnugleg málefni, beitir nokkuð réttu máli, eðlilegum framburði, áherslum og hrynjandi, notar algeng föst orðasambönd úr daglegu máli og kann að beita viðeigandi kurteisis- og samskiptavenjum, hikorðum og ólíkum aðferðum til að gera sig skiljanlegan og skilja aðra, t.d. með því að umorða,

Frásögn

Við lok 1. stigs getur nemandi:

- í einföldu máli sagt frá og notað lykilorðaforða sem unnið hefur verið með í viðfangsefnum námsins og beitt eðlilegum framburði og áherslum,

Við lok 2. stigs getur nemandi:

- tjáð sig um það sem viðkemur daglegu lífi hans og því sem stendur honum nærrí á vel skiljanlegu máli hvað varðar málnotkun, framburð, áherslur og orðaval,

Við lok 3. stigs getur nemandi:

- tjáð sig áheyrilega um málefni sem hann þekkir, beitt tungumálinu af nokkurri nákvæmni hvað varðar reglur um málnotkun, framburð, áherslur, hrynjandi og orðaval,

Ritun

Við lok 1. stigs getur nemandi:

- skrifað stuttan samfelldan texta um efni sem tengist honum persónulega, tengt saman einfaldar setningar, stafsett flest algengustu orðin og notað algengustu greinarmerki, eins og punkta og spurningarmerki,

Við lok 2. stigs getur nemandi:

- skrifað samfelldan texta um efni sem hann þekkir, beitt grunnreglum málfræði og stafsetningar nokkuð rétt, sýnt fram á allgóð tök á daglegum orðaforða og orðaforða sem unnið hefur verið með, skapað samhengi í textanum og notað til þess algengustu tengiorð og greinarmerki,

Við lok 3. stigs getur nemandi:

- skrifað lipran samfelldan texta á hnökralitlu máli um efni sem hann hefur þekkingu á, sýnt fram á góð tök á orðaforða og meginreglum málnotkunar, fylgt hefðum varðandi uppbyggingu og samhengi texta og notað tengiorð við hæfi,

Menningarlæsi

Við lok 1. stigs getur nemandi:

- sýnt fram á að hann kann skil á ýmsum þáttum sem snúa að daglegu lífi, s.s. fjölskyldu, skóla, frítíma og hátíðum og áttað sig á hvað er líkt eða ólíkt því sem tíðkast í hans eigin menningu,

Við lok 2. stigs getur nemandi:

- sýnt fram á að hann þekkir til og skilur allvel ákveðin lykileinkenni í menningu viðkomandi mál- og menningarsvæðis sem snúa að daglegu lífi og aðstæðum íbúanna, einkum ungs fólks og getur sett sig í þeirra spor,

Við lok 3. stigs getur nemandi:

- sýnt fram á að hann þekkir vel til mannlífs og menningar á viðkomandi málsvæði og gerir sér vel grein fyrir hvað er líkt eða ólíkt hans eigin aðstæðum,

Námshæfni

Við lok 1. stigs getur nemandi:

- sett sér einföld markmið og lagt mat á námsframvindu með stuðningi frá kennara ef með þarf,

Við lok 2. stigs getur nemandi:

- sett sér nokkuð raunhæf markmið, gert sér nokkra grein fyrir hvar hann stendur í náminu og beitt aðferðum til að skipuleggja sig og bæta þar sem þess gerist þörf,

Við lok 3. stigs getur nemandi:

- sett sér raunhæf markmið, skipulagt nám sitt á markvissan hátt og lagt mat á eigin stöðu og námsframvindu,

Tenging við grunnþætti

Læsi - Nemendur vinna og greina úr mismunandi formi miðlunar sbr. smásögur, kvíkmyndir og þættir, skáldsögur, fréttatextar, auglýsingar, efni daglegt lífs ofl.

Sjálfbærni - Nemendur fá tækifæri til að koma hugmynd á framfæri, móta hana, fylgja henni eftir og sjá afrakstur hugmyndarinnar í samræmi við „Frá orðum til afraksturs“. Dæmi um þemaverkefni „stofnun sprotafyrirtækis, matarkostnaður/fæðuhringur/matardagbók, skipulagning á ferðalagi fyrir dæmigerða fjölskyldu, hús og hýbyli, stofnun ferðaskrifstofu ofl.

Lýðræði og mannréttindi - Nemendur fá tækifæri til að ráða útfærslu og formi í margvíslegum verkum sbr. þemavinnu á sprotafyrirtæki, ásamt því að velja sér umfjöllunarefni eftir áhugasviði og eða þekkingu. Dæmi: umfjöllunarefni um teiknimyndarpersónu. Nemandinn velur sjálfur persónuna og ræður á hvaða formi hann fjallar um hana og útfærslu verksins (dans, tónlist, söngur, stuttmynd, eftirhermur).

Umræður og skoðanaskipti er einnig stór hluti af tungumálinu. Nemendur eru hvattir til að láta í ljós skoðun á ýmsum viðfangsefnum/málefnum, koma henni á framfæri með rökstuðningi og læra að virða það að ekki séu allir á sama máli

Jafnrétti - Við val á viðfangsefni í tungumálakennslunni er oftar en ekki komið inn á aðstæður sem geta leitt til mismununar í samfélaginu sbr. eftir þjóðerni, fötlun (sbr. málefni Oscar Pistorius), litarhætti og trúarbrögðum. Í textunum vinna nemendur með ýmis siðfræðileg álitamál sbr. kynþáttafordóma (skáldsagan Time to kill og Jægten), mismunandi félagsstöðu. Það er meðvitað við val á textum er komið inn á mál jafnréttismenntun í allri sinni mynd.

Heilbrigði og velferð - Nemendur vinna verkefni á sínum forsendum miðað við áhugasvið og styrkleika. Þeir takast á við málefni sem snýr að þeirra velferð sbr. heilsu, næringu og hvíld. Í tungumálum er unnið út frá uppbyggingastefnunni, þar sem nemendur efla jákvæða sjálfsmýnd í tengslum við lífsleikni og upplýsingatækni, þ.e. miðlun efnis af netinu sem snýr að heilbrigði og hollustu hvers einstaklings. Út frá þessari skilgreiningu er áhersla lögð á ýmiskonar félagstörf sem efla félagsfærni og lífsins viðhorf. Samanburður á áhuga- og afþreyingarmöguleikum eftir búsetu og efnahag gefur þeim innsýn í hvernig lífsskilyrði þau búa hér við í samanburði við búsetu í öðrum löndum.

Sköpun - Nemendur eru hvattir til að leyfa sköpunargleðinni að njóta sín við úrvinnslu efnis þar sem ekki er fyrirsjáanleg útkoma og fer eftir frumkvæði hvers einstaklings hver sú utfærsla kann að verða. Þeir eru hvattir til að reyna með sér við úrvinnslu á mismunandi formum og í framsetningu efnis. Lausnir felst fyrst og fremst í framkvæmdinni en ekki endilega í lokaútkomu efnisins. Enn fremur eru nemendur hvattir til að leita nýrra leiða og möguleika við úrvinnslu á efni. Mikilvægt er að unnið sé á breiðum grundvelli sem flestra námsgreina þ.e. sampætting námsgreina vegur þungt. Mikilvægi þess að hafa fjölbreytt miðlunarform sbr. stutmynd, leikrit, söngur, lagasmíð eða annað sem fellur að hugsjónum hvers nemanda. List- og verkgreinar skipa veglegan sess í sampættingunni.

Kennsluhættir

Nemendur eru ekki algjörir byrjendur þegar kemur að upphafi tungumálakennslu. Því er mikilvægt að námið taki mið af forsendum þeirra og stöðu sem málnotenda, almennri reynslu, skilningi á nærumhverfi, umheiminum og menningarlegum margbreytileika. Þeir hafa oft á tíðum ákveðinn skilning á tungumálinu út frá reynslu í ferðalög og fjölbreyttra miðla (sjónvörp, netið ofl). Tungumálanámið miðast við að byggja ofan á þá færni sem fyrir er. Í upphafi náms er lögð aðaláhersla á talað mál og hlustun. Eftir því sem ofar dregur eykst vægi lesturs og ritunar. Mikilvægt er að nemendur líti á tungumálanám sem hluta af alhliða menntun til lífstíðar, sem bæði er hagnýtt og menntandi. Því er mikilvægt að nemendur öðlist jákvætt viðhorf til tungumálanáms. Námið þarf að vera heildstætt og endurspeglar raunverulega málnotkun. Nemendur þurfa frá upphafi tungumálanáms að venjast því að heyra málið og skilja hvernig það er notað við raunverulegar aðstæður og fá næg tækifæri til að spreyyta sig á notkun þess í merkingarbæru samhengi og á eigin forsendum. Þeir þurfa að hlusta á mismunandi textagerðir og algengustu afbrigði máls eftir málsvæðum. Tungumál og menning eru samofin. Tungumálið endurspeglar menninguna og menningin varpar ljósi á tungumálið. Mikilvægt er að vekja forvitni nemenda á öðrum þjóðum, hvernig lífi fólks er háttáð og hvernig það þróast í margs konar umhverfi og menningarheimum.

Námsmat

Við mat á námsframvindu nemenda er mikilvægt að styðjast við fjölbreyttar matsaðferðir sem taka mið af nemendahópnum, endurspeglar kennsluhætti, er sanngjarnit gagnvart einstaklingnum, heiðarlegt og óhlutdrægt. Til hliðsjónar við mat á námsframvindu er stuðst við hæfniviðmið Evrópsku tungumálamöppunnar. Dæmi um matsaðferðir eru munnleg verkefni, verkleg og skrifleg, myndræn verkefni, einstaklingsverkefni og hótverkefni. Einnig ýmiskonar afmörkuð próf ásamt skapandi verkefnum með tengingu við aðrar námsgreinar. Hægt er að nýta margmiðlun og upplýsingatækni; sbr borgarferðir þar sem nemendur skipuleggja vikuferð erlendis, kynna sér staðhætti, sögu og menningu, merka staði, afþreyingu og leggja fram kostnaðaráætlun vegna ferðarinnar. Þar gefst nemendum tækifæri til að skipuleggja á sínum forsendum og áhugasviðum ásamt því að kynna sér viðkomandi viðfangsefni á nánari máta. Megin uppistaðan í námsmati byggist á þemabundnu námsefni/hótverkefni/einstaklingsverkefni þar sem leitast verður við að hafa amk. 4 slík stór verkefni gegnumgangandi hvert skólaár í hverjum árgangi. Einnig skal innan hvers námssviðs leggja mat á hæfni nemenda sem byggist á grunnþáttum í menntun og áherslubáttum grunnskólalaga. Slík hæfni er nefnd lykilhæfni við námsmat í lok grunnskóla, sjá aðalnámskrá.